



Rafræn klippikort fyrir sorp

Þann 1. september 2025 verður tekið í notkun rafrænt klippikort á móttökustöðvum fyrir sorp í Fjallabyggð. Hvert heimili fær 16 skipta kort til að nota yfir almanaksárið. Skráðir eigendur fasteigna sem fá greiðsluseðla fyrir sorpgjald (fasteignagjöld) geta sótt kortin inn á <https://fjallakort.is/>. Valið er “Klippikort fyrir gámasvæði Fjallabyggðar”, svo rétt tegund korts sem við á og smellt á rafræna innskráningu. Ef innskráður notandi á rétt á kortinu án endurgjalds breytist verðið á kortinu í 0 kr. Athugið að setja þarf kortið í rafrænt veski í símanum svo það virki.

Þeir aðilar sem **ekki eru með rafrænt veski** geta prentað út klippikortið og látið skanna kóðan á klippikortinu á sorpmóttökustöð. Eftir að klippikortið hefur verið sótt í síma er hægt að deila því áfram á aðra íbúa húsnæðisins til notkunar. Þannig geta fleiri en einn verið með sama klippikortið í símanum sínum.

Þegar komið er með sorp á móttökustöð er kóðinn á kortinu skannaður af starfsmanni móttökustöðvar. Ekkert þarf að greiða fyrir ógjaldskyldan úrgang en tekið er af kortinu fyrir allan gjaldskyldan úrgang. Hvert klippikort gildir fyrir allt að 0,25 m³. Á hverju korti eru 16 skipti, sem duga samtals fyrir 4,0 m³.

Að öllu jöfnu ætti hvert kort að duga út árið. En ef kort klárast er hægt að kaupa auka kort á <https://fjallakort.is/>

Nokkur atriði varðandi rafræn klippikort:

- Kortin eru sótt inn á <https://fjallakort.is/>
- Notandi notar rafræna innskráningu til að auðkenna sig.
- Skráðir eigendur fasteigna sem fá til sín greiðsluseðla vegna sorpgjalds (fasteignagjöld) geta sótt 16 skipta klippikort sér að kostnaðarlausu. Athugið að þeir eigendur sem ekki fá til sín greiðsluseðla geta ekki sótt kortið nema greiða fyrir eins og um viðbótarkort sé að ræða.
- Kortið er vistað í rafrænu veski t.d. SmartWallet fyrir Android síma eða Apple Wallet fyrir Iphone síma. Þetta virkar eins og kort í líkamsrækt og sundlaugar Fjallabyggðar.
- Þeir sem ekki eru með snjallsíma eða vilja ekki nýta sér rafræna kortið í símanum geta prentað út kortið og notað á sorpmóttökustöðum. Passa þarf að QR kóðinn sem er á klippikortinu sé vel sýnilegur svo hægt sé að skanna hann.
- Hægt er að deila kortinu til annarra. Þegar að búið er að sækja kortið í síma er hægt að deila kortinu áfram til annarra aðila. Þannig er hægt að deila kortinu áfram til annarra einstaklinga sem búa í sömu fasteign, til leigjanda í viðkomandi fasteign o.s.frv.
- Fasteignaeigendur geta komið í ráðhús Fjallabyggðar á Siglufirði og fengið útprentað kort með QR kóða sem er skannaður við komu á gámastöð.

Mikilvægi flokkunar

Með flokkun til endurvinnslu minnkar magn þess úrgangs sem endar í urðun. Þannig er umhverfið verndað samhliða því sem förgunargjöld lækka.

Megnið af því efni sem kemur inn á móttökustöð er endurnýtt með einum eða öðrum hætti. Þannig er úrgangi breytt í verðmæti og fyrir skil á slíkum úrgangi þarf ekki að greiða. Fyrir annað efni, sem þarfnast sérstakrar meðhöndlunar, þarf að greiða fyrir.

Með því að flokka rétt er komið í veg fyrir sóun verðmæta og tryggt er að eingöngu sé greitt þegar við á.

Góð ráð:

Best er að flokka farminn áður en komið er á móttökustöð. Ef úrgangur kemur blandaður saman (gjaldskýlt og ógjaldskýlt) þarf að greiða fyrir allan úrganginn.